



Bandalag íslenskra listamanna

Federation of Icelandic artists

Reykjavík 18. 12. 2023

Nefndasvið Alþingis
Alsherjar og menntmálanefnd
Austurstræti 8-10,
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um Tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2023–2026. Mál 511

Bandalag íslenskra listamanna þakkar það tækifæri að fá að birta álit sitt á Aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu og ýmislegt í þingsályktuninni sem er skynsamlegt og lítur þá helst að tæknilegum atriðum varðandi aðgengi fólks af erlendum uppruna að námi, það er þó, í ljósi nýjustu vendinga í kjölfar Písa könnunar, áleitin spurning hvort við þurfum ekki líka að líta okkur nær án þess að gera lítið úr þessu mikilvægu verkefni að veita fólki af erlendum uppruna aðgengi að

Það er margt ágætt í þessari þingsályktun og Bandalagið fagnar sérstakleg kaflanum um aukna talsetningu á textum á barnaefni. En það verður að segjast að kaflinn um mikilvægi listar og menningar að er frekar rýr og beinir ekki athyglinni að raunverulegum aðgerðum til eflingar listsköpunar sem lykilverkfæri í þessum aðgerðapakka, andi texta aðgerðana er frekar tæknilegur og fer ekki á dýptina í meðferð tungumálsins. Að mati BÍL er menningar kaflinn ekki í hlutfalli við mikilvægi menningar og listsköpunar fyrir móðurmálið. Listin og skáldskapurinn geyma blæbrigðin og þá dýpri vitund sem býr í tungumálinu, og þessi almennt tæknilega nálgun frumvarpsins ávarpar ekki þennan mikilvæga þátt í notkun okkar og þýðingu þess fyrir móðurmálið. Að ná færni í að lesa dýpra, að auka skilning okkar á samhengi fortíðar og samtíma, tilfinningu fyrir innra lífi móðurmáls, kennir okkur samlíðan fyrir öllu því sem mannlegt og er hinn raunverulegi lesskilningur sem okkur er svo ofarlega í huga þessa dagana eftir slæma útkomu úr Písa könnuninni margfrægu.


Þetta kann að hljóma óáþreifanlegt eða hátimbrað viðhorf, en hér er ekki átt við það að vera læs á hnauspýkka doðranta með djúpvitrum skáldskap, lesskilningur og meðferð íslensku máli á sér stað í samtímanum í blómlegri samtímamenningu og listsköpun. Til dæmis í öflugri kvikmyndagerð. Þar segjum við sögur úr íslenskum veruleika, þar sem almenningur spegla sín dramatísku átök og sú rödd er ekki bara til þess fallin að birta hliðræna mynd af lífsbaráttu samtímans heldur líka er það okkar sjálfstæða framlag að hinu alþjóðlega borði kvikmyndagerðar, sögur sem enginn segir nema við og verða ekki sagðar öðruvísi en á íslensku. Í samtímatónlist og textum þar sem ungt fólk er meirihluti þátttakenda er íslenskan farvegur fyrir skapandi meðferð á móðurmálinu, þar sem ungt fólk orðar sínar eigin upplifanir og þjálfar sig í skapandi hugsun og sjálfstæðri meðferð á íslenskri tungu.

Þegar við tölum núna um lesskilning heyrast gjarna að börn og ungmenni séu illa varin fyrir allskyns áróðri og falsfréttum, en til þess að þroska málskilning og ná valdi á stóru samhengi tungumálsins þurfa börn að öðlast þjálfun í skapandi umgengni við málið, sem þarf að gerast í skólakerfinu og víðar, en ekki síður að eignast sterkar fyrirmyndir í samtímanum sem tala með skýrum hætti til veruleika þeirra í gegn um þau listform sem ungt fólk tengir sig við.

Í flestum opinberum stefnum listgreina sem ýmist eru samþykktar eða á vinnuborðinu er íslenskan nefnd sem ein af ástæðum þess að við rekum sjálfstæða íslenska menningarstefnu, það væri rétt að samræmi væri í þessari aðgerðaáætlun og þeim yfirlýsingum og kveðið sterkara að orði um eflingu menningar og listsköpunar sem veigamiklum þætti í aðgerðum til eflingar íslenskri tungu.

PS. Það er kannski ekki beint á verksvið BÍL að koma með athugasemd við þá staðreynd að ekki er einu orði vikið að íslensku táknmáli í stefnunni sem þó er fullt tilefni til og þyrfti að leita til þeirra sem betur til þekkja með ráðgjöf þar um.

Erling Jóhannesson


Forseti Bandalags íslenskra listamanna